

Nýútkomið í A.-deild.

Auglýsing um, að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 28. júlí 1886 skuli úr gildi felld, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 4. septbr. 1889 (A. nr. 15, bls. 34—35).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 95
endurgjald á sveitarstyrk. — Með brjefi, dags. 23. nóv. f. á., sendi sýslumaðurinn í 31. ágúst. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hingað erindi hreppsnefndarinnar í Hvalfjarðarstrandarhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 1. nóv. 1887, er gjörir nefndum hreppi að skyldu, að endurgjalda Helgafellssveit í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 154 kr. 2 a., er Guðmundur bókbindari Guðmundsson, sem sveitlægur er í Hvalfjarðarstrandarhreppi, þáði þar af sveitarsjóði vorid og sumarið 1886 handa sjer og hyski sínu. Með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 26. apríl p. á., meðtók jeg, síðan umsögn og tilsvár hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit út af áfrýjunarskjali þessu, og að endingu með þóknanlegu brjefi yðar 14. p. m. athugasemdir hreppsnefndarinnar í Hvalfjarðarstrandarhreppi um tilsvárið, sem henni hefur verið gefinn kostur á að kynna sjer.

Með því nú að hreppsnefnd Helgafellssveitar verður með tilsvári sínu og skýrslum þeim, er fylgdu áðurnefndu brjefi yðar, herra amtmaður, 26. apríl p. á. að álitast hafa fyllilega sannað, að sveitarstyrkur sá, er hjer er um að ræða, 154 kr. 2 a., hafi verið löglega veittur ofanefndum Guðmundi bókbindara, og það einnig má álitast sannað, að hreppsnefnd þessari hafi eigi verið unnt, að útvega Guðmundi þá atvinnu sumarið 1886, að hyski hans yrði eigi sveitinni til byrðar, þá verð jeg að álíta hinn áfrýjaða úrskurð yðar, dags. 1. nóv. 1887, rjettan, og skal því þjónustusamlega skora á yður, að leggja fyrir hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps, að endurborga Helgafellssveit, sem jeg bið yður tilkynna þessi úrslit málsins, hina áminnstu sveitarskuld, 154 kr. 2 a., án nokkurs frekari dráttar.

Brjef landshöfðingja til verzlunarstjóra Carl A. Danielsen um toll af skips- 96
öli og Brama-lífs-elixír. — Út af brjefi yðar, dags. 14. júlí síðastl., þar sem þjer 3. sept. kvartíð yfir því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi heimtað af yður toll af 144 pt. af skipsöli og 100 gl. af Brama-lífs-elixír, og leitað úrskurðar um, hvort þessi tollur sje rjettilega heimtaður, skal yður hjer með tjáð, að samkvæmt 1. gr. laga 7. nóv. 1879 ber að greiða 5 aura toll af pottinum af alls konar öli, sem flutt er til landsins, og þá einnig af skipsöli, en af Brama-lífs-elixír ber aptur á móti ekki að taka toll, sbr. brjef ráðgjafans 21. ágúst 1886 (Stj.tíð. 1886, B. bls. 126).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sam- 97
band nokkurra sýslufjelaga um búnaðarskólalald á Hólum o. fl. — Í þóknanlegu 4. sept. brjefi, dags. 13. júní p. á., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að sýslunefndirnar í Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum hafi gengið að tilboði frá stjórnarnefnd Hóla-búnaðarskólans um, að ganga í fjelag við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur um tjeð-
22. dag októbr.mán. 1889.